

UMSÖGN AUSTURBRÚAR UM

Þingskjal 17 — 17. mál.

Tillaga til þingsályktunar um uppbyggða vegi um hálendið.

Hálendisvegur norðan Vatnajökuls – tækifæri í ferðaþjónustu, atvinnuuppbyggingu, búsetukostum og þróun Austurlands

Það er mikilvægt að stjórnvöld stuðli að styrkingu landsbyggðarinnar með meiri dreifingu ferðafólks um landið og styttingu vegalengda til að efla atvinnuvegi og jafna búsetukosti.

Ferðaþjónusta

Engum vafa er undirorpið að opnun hálendisvegar norðan Vatnajökuls til Austurlands mun hafa mikil áhrif á ferðaþjónustu í fjórðungnum. Með slíkum vegi mun opnast greið leið inn á Vatnajökulsþjóðgarð og svæðið norðan jökulsins sem hingað til hefur verið ófært ferðamönnum á venjulegum farartækjum. Ekki er að efa að Íslendingar munu vilja fara á þessar slóðir sem býr yfir einstakri náttúru og stórbrotnu landslagi. Sama á við um erlenda ferðamenn sem sækja landið heim.

Öryggissjónarmið eru einnig mikilvæg í þessu sambandi, bæði minnka líkur á að fólk ferðist utan slóða og vegurinn mun þjóna sem varaleið ef loka þarf Suðurlandsvegi vegna náttúruhamfara.

Aukin umferð eftir þessum hálendisvegi mun styrkja ferðaþjónustuna á Austurlandi, ekki aðeins á Fljótsdalshéraði og í Fljótsdalshrepp, þar sem vegurinn kemur niður, heldur einnig önnur sveitarfélög í fjórðungnum. Það hefur sýnt sig að þeir ferðamenn sem koma á Austurland til dvalar, nýta þann tíma til að ferðast innan fjórðungsins. Stytting leiðarinnar með hálendisvegi mun auðvelda þeim ákvörðunina um að heimsækja svæðið og þannig stuðla að auknum straumi ferðamanna austur.

Markviss dreifing ferðamanna um landið er nauðsynleg.

Hvað varðar ferðaþjónustuna á landsvísu er það einróma álit þeirra erlendu¹ og innlendu² ráðgjafarfyrirtækja sem gert hafa úttekt á ferðamálum á Íslandi undanfarið að dreifing ferðamanna um landið sé eitt af mikilvægustu verkefnum stjórnvalda á næstu misserum. Vinsælir ferðamannastaðir á suðvestur horninu eru nú þegar yfirfullir á mesta annatímanum

¹ Long-term strategy for the Icelandic tourism industry. PKF. Promote Iceland, February 2013
Northern Sights: The future of tourism in Iceland. A perspective from The Boston Consulting Group. September 2013

² Kortlagning og samstarfsmótun. Virðisauki í ferðaþjónustu. Gekon, september 2013

þannig að útlit er fyrir að takmarka þurfi ágang ef ekki á illa að fara. Áherslan á pakkaferðir til landsins með gistingu í Reykjavík og dagsferðum þaðan, jafnvel alla leið austur að Jökulsárlóni, er greinilega ekki til að bæta ferðameninguna, fyrir utan hversu óumhverfisvænn slíkur ferðamáti er. Auk þess skilar hann landsbyggðinni litlum eða engum efnahagslegum ábata. Hálendisvegir norður og austur munu geta stuðlað að breytingu á þessu.

Þessi nýja leið milli landshluta getur ennfremur stutt við þær fyrirætlanir að efla millilandaflug um Egilsstaðarflugvöll. Fyrir erlenda ferðamenn sem ferðast á eigin vegum (um 80% þeirra) skiptir litlu máli hvar komið er inn í landið eða farið frá því. Hálendisvegur mun gera þeim kleift að sjá meira af landinu á styttri tíma, sem eflaust ýtir undir ákvörðun þeirra að heimsækja landið.

Gott aðgengi að helstu ferðamannastöðum er forsenda þess að ferðaþjónustan geti þróast eðlilega á næstu árum, vaxið og dafnað.

Atvinnu- og búsetumál

Á Austurlandi verða til gríðarleg verðmæti á degi hverjum sem á einn eða annan hátt eru flutt að stórum hluta frá svæðinu ýmisst með skipum, bílum eða flugvélum. Hækkandi olíu og bensínverð í heiminum hefur komið harkalega niður á rekstri fyrirtækja útá landi og leitt af sér hærra verð til neytenda, svo ekki sé minnst á þá mengun sem þessi mikli flutningur hefur í för með sér.

Augljós áhrif til góðs, ef af þessum nýja vegi verður, er að aksturstími styttest sem aftur þýðir minni eldsneytis- og flutningskostnaður og þ.a.l. getur vöruverð lækkað, mengun að völdum útblásturs minnkar og minna álag verður á þjóðveg eitt sem dregur úr viðhaldspörf.

Stytting leiðarinnar færir Austurland nær markaðnum á suðvestuhorninu hvort heldur sem er fyrir hráefni eða vörur, auk þess sem tækifæri til út- og innflutnings um hafnir á Austurlandi stóraukast.

Almennt er viðurkennt að stytting vegalengda á milli fyrirtækja í sömu starfsemi leiði til aukinnar samkeppni og stuðlar að meiri sérhæfni og hagræðingu í framleiðslu. Því er viðbúið að með nýjum hálendisvegi muni samkeppnisstaða fyrirtækja sem framleiða vörur á Austurlandi og selja þær á höfuðborgarsvæðinu aukast, á sama tíma og fjarlægðarvernd þeirra minnkar.³ Hvort tveggja kemur neytandanum til góða.

Þessu til viðbótar mun framkvæmd sem þessi stórefla jarðvinnuverktaka sem hafa allt frá árinu 2008 átt undir högg að sækja þar sem flestar stórframkvæmdir á Íslandi hafa dregist saman síðustu ár.

Góðar samgöngur eru forsenda fyrir þróun byggða og atvinnuuppbyggingar auk þess sem búsetuskilyrði í landinu verða jafnari.

³ Ritið Byggðir og búseta, Axel Ásgeir og Sveinn, (2002:88,), (2002:59)

Hálendisvegur til Austurlands norðan Vatnajökuls mun hafa viðtæk og jákvæð áhrif á búsetuskilyrði hér fyrir austan. Það er sannfæring okkar hjá Austurbrú ses að ef vel er staðið að málum muni þessi framkvæmd skila ábata fyrir land og þjóð til lengri tíma.

20. desember 2013

F.h. Austurbrúar ses



Jón Pálsson
Fulltrúi markaðsmála